

Cantina sölukerfið

© 2009-2010, Hugmót ehf - Allur réttur áskilinn



Þessi síða er viljandi höfð auð

Cantina

Hraðvirk afgreiðsla í mötuneytum

by Hugmót ehf

Cantina-kerfið er ætlað fyrir mötuneyti og aðra sölustaði þar sem skjót afgreiðsla skiptir öllu máli. Afgreiðslubúnaðurinn innheldur kortalesara og snertiskjá, sem komið er haganlega fyrir þar sem starfsmennirnir bíða eftir afgreiðslu.

Þegar röðin kemur starfsmanni, auðkennir hann sig með kortinu, velur einn af valkostunum sem í boði eru, staðfestir úttektina og kerfið er tilbúið fyrir næsta mann. Hver afgreiðsla tekur aðeins um 5-10 sekúndur.

Cantina sölukerfið

© 2009-2010, Hugmót ehf - Allur réttur áskilinn

Þessi handbók lýsir Cantina sölukerfinu. Sýniseintak af kerfinu er með með nokkrum takmörkunum. Aðeins er hægt að framkvæma 10 afgreiðslur í einu. Þú getur samt prófað allar aðgerðir kerfisins, t.d. sölu, skýrslugerð, færsluúttak o.fl.

Skráð eintak af forritinu er án allra slíkra takmarkana, svo þú getir notað það í daglegum rekstri mötuneytisins. Notendaleyfi fæst gegn hóflegu gjaldi, ásamt uppfærslurétti í 1 ár í senn.

Hvert notendaleyfi veitir leyfi til uppsetningar söluforritsins (Cantina.exe) á einni afgreiðslutölvu. Nota má umsýsluforritið frá eins mörgum tölvum og þurfa þykir, t.d. gæti umsýsjarmaður mötuneytis verið með eitt eintak og fjármálastjóri með annað.

Þér er heimilt að dreifa forritinu til annarra að vild, svo fremi að það sé innsetningarskráin í heild sinni. Öll hnýsni í innviði forritsins (e. reverse engineering) eða afhending notendanafns og leyfisnúmers til annars aðila, er með öllu óheimil.

Notandi forritsins ber sjálfur ALLA ÁBYRGÐ á skemmdum eða gagnatapi sem sem kann að leiða af notkun forritsins.

Með notkun forritsins er litið svo á að þú samþykkir ofangreinda skilmála. Hugmót ehf mun leita til dómsstóla og krefjast skaðabóta, verði vart við alvarleg brot á þessum skilmálum.

Prentað í Reykjavík: apríl 2010

Útgefandi

Hugmót ehf

Höfundur

Ingólfur Helgi Tryggvason

Sérstakar þakkir fá:

Kona mín og börn fá þakkir fyrir auðsýndan skilning og umburðarlyndi, meðan ég vann að gerð Cantina-kerfisins. Tölvukarlar eru þekktir fyrir að vera skrítnir menn, en þeir verða enn sérkennilegri meðan þeir vinna að skemmtilegum verkefnum.

Alexander Hervé Depuydt fyrir þýðingu notendaviðmóts á frönsku

Antonia Cazandra Levén fyrir þýðingu notendaviðmóts á sænsku

Díana Mikælsdóttir fyrir þýðingu notendaviðmóts á spænsku

Hrönn Ingólfssdóttir fyrir þýðingu notendaviðmóts á portúgölsku

Paulo De Deus fyrir endurbætur á portúgölsku viðmóti

Efnisyfirlit

Hluti I — Cantina sölukerfið	8
1 Kynning á kerfinu.....	8
2 Kostir kerfisins.....	8
3 Einingar kerfisins.....	9
4 Kröfur til búnaðar.....	9
5 Þjónusta í boði.....	10
Hluti II — Notkunarskilmálar	12
1 Höfundarréttur.....	12
2 Sýniseintök.....	12
3 Notendaleyfi pantað og skráð inn.....	12
Hluti III — Uppsetning	14
1 Gagnagrunnur.....	14
2 Afgreiðslutæki.....	15
Festingar.....	15
Nettenging.....	16
Kortalesarar.....	16
Cantina stillt.....	16
3 Bakvinnsla.....	17
4 Söluskjár.....	18
5 Prófun á virkni.....	18
6 Stillingar í INI-skrám.....	19
Hluti IV — Skráning forsendna	22
1 Viðskiptavinir.....	22
2 Vörur í boði.....	23
3 Erlend vöruheiti.....	24
4 Greiðslumátar.....	25
5 Aðrar stillingar.....	26
Hluti V — Dagleg notkun	30
1 Opna og loka fyrir sölu.....	30
2 Úttekt skráð.....	30
3 Vörur á boðstólum.....	32
4 Söluskjár.....	33
5 Söluskýrslur.....	34

6	Innorganir.....	35
Hluti VI — Uppgjör		38
1	Boðgreiðslur.....	38
2	Bókhaldsfærslur.....	38
3	Inneignakerfi	39
Hluti VII — Tæknimál		42
1	Töflur í gagnagrunni.....	42
2	Tól og forritaeiningar.....	42
3	Aðlögun að öðru tungumáli.....	42
4	Atburðaskráning	43
5	Sérstakar þakkir.....	43
Hluti VIII — Aðstoð í boði		46
1	Þjónustuvefur.....	46
	Atriðisorðaskrá	47

Hluti



1 Cantina sölukerfið

1.1 Kynning á kerfinu

Cantina-kerfið er ætlað fyrir mötuneyti og aðra sölustaði þar sem skjót afgreiðsla skiptir öllu máli. Afgreiðslubúnaðurinn innheldur kortalesara og snertiskjá, sem komið er haganlega fyrir þar sem starfsmennirnir bíða eftir afgreiðslu.

Þegar röðin kemur starfsmanni, auðkennir hann sig með kortinu, velur hvað hann ætlar að fá, staðfestir úttektina og kerfið er tilbúið fyrir næsta mann. Hver afgreiðsla tekur aðeins um 5-10 sekúndur.



Cantina afgreiðslutækið uppsett á vegg í mötuneyti Borgunar

1.2 Kostir kerfisins

Cantina-sölukerfið flýtir mjög fyrir afgreiðslu og sparar einnig vinnu í bókhaldi og uppgjöri. Í stað handvirkra kerfa, með matarmiðum/kortum sem þarf að prenta, dreifa og halda bókhald um, bókast hver sala strax í miðlægan gagnagrunn.

Mánaðarlega eða eins oft og þurfa þykir eru úttektir starfsmanna færðar yfir í launabókhald eða viðskiptabókhald, eða einfaldlega sendar sem boðgreiðslur til Borgunar.

Einnig er mögulegt að bjóða upp á fyrirframgreiðslu þannig að viðskiptavinur eigi inneign sem hann "étur" niður hægt og "bítandi". Unnt er að veita aukaheimild sem gerir viðskiptavini fært að kaupa eina eða tvær

máltíðir, áður en lokað er fyrir viðskiptin. Þetta hentar sérstaklega vel í skólamötuneytum og þar sem mikil hreyfing er á mannskap.

Auðvelt er að auka söluna í mötuneytinu, með því að bjóða upp á léttu rétti og drykki utan hefðbundinna matmálstíma. Einnig má hafa verið aðalréttu breytilegt frá degi til dags, eftir því hve mikið er í þá lagt. Síðast en ekki síst, skila tekjur sér betur, því ekki þarf að höndla með matarkort eða miða og hætta á hvers konar svindli minnkar verulega.

Starfsmaður getur valið úr 4 tungumálum fyrir viðmót, en einnig er hægt að tilgreina tungumálskóða fyrir starfsmanninn og skiptir kerfið þá sjálfvirkt um viðmót þegar hann auðkennir sig. Með kerfinu fylgja nú viðmót á 6 tungumálum: Íslensku, ensku, frönsku, portúgölsku, spænsku og sænsku.

Mikill sveigjanleiki er innbyggður í kerfið. Hægt er að stjórna litum, letri, stærð og fjölda takka o.m.fl.

1.3 Einingar kerfisins

Cantina-sölukerfið samanstendur af nokkrum einingum, sem sumar eru valfrjálssar. Hið minnsta þarf eina afgreiðslutölvu og eina tölvu fyrir umsýslu. Gagnagrunnurinn tengir einingarnar saman svo þær myndi eina heild.

Dæmigerður vélbúnaður fyrir þessa lausn er:

- Smátölvu með snertiskjá ásamt veggfestingu
- Kortalesari fyrir auðkenningu
- Söluskjár
- Tölvu fyrir umsýslu

Hugbúnaður kerfisins samanstendur af 3-4 einingum:

- Cantina: Afgreiðsluforrit, yfirleitt keyrt á smátölvu með snertiskjá
- Cantina_BE: Umsýsluforrit, sem starfsmannastjóri eða mötuneytisstjóri nota til að skilgreina forsendur kerfisins
- Cantina_SD: Söluskjár fyrir afgreiðslufólk, svo það geti fylgst með hver pantaði hvað (valkostur)
- Cantina_PP: Aðalforrit Inneignakerfisins, þar sem innborganir viðskiptavina eru skráðar og þeir eignast inneign sem þeir eyða svo jafnt og þétt
- Gagnagrunnur: Geymir gögnin í kerfinu og tengir saman einingar kerfisins

1.4 Kröfur til búnaðar

Forritin í Cantina-sölukerfinu gera ekki miklar kröfur til vélbúnaðar. Hægt að nota gamlar tölvur, t.d. fartölvur, fyrir sumar einingar. Snertiskjár er mjög æskilegur, en mús eða númerískt lyklaborð geta komið í staðinn.

Notendur geta auðkennt sig með ýmsu móti: Algengast er að nota starfsmannakort, en einnig má auðveldlega nota kerfið með innslætti á starfsmannanúmeri og leyniorði.

Minniskröfur eru 256 Mb af innra minni. Kröfur um diskpláss á afgreiðslutölvu og umsýslutölvu eru mjög litlar, ca. 10 Mb pr. tölvu. Gagnagrunnurinn þarf þó meira pláss, svo reikna skal með minnst 5 GB af lausu pláss á gagnagrunnsþjóninum. Kerfið vinnur á öllum helstu gerðum Windows stýrikerfisins, t.d. Windows XP, Windows 2000, Windows NT, Windows VISTA og Windows 7.

Fyrir smátölvuna sem Leiðir bjóða, er notað Windows XPe (embedded), sem krefst ekki að harður diskur sé uppsettur. Í staðinn er oft notaður SD minniskubbur, 2 Gb að lágmarki.

Til auðkenningar þarf helst kortalesara, en einnig má nota segulrandarlesara eða strikamerkjalesara. Ef starfsmaður gleymir kortinu sínu, getur hann slegið inn starfsmannanúmer og leyriorð gegnum snertiskjáinn.

1.5 Þjónusta í boði

Með kerfinu fylgja ítarlegar leiðbeiningar um uppsetningu, en við bjóðum þeim sem það kjósa upp á ýmsa þjónustu á sanngjörnu verði. Má þar nefna:

- Aðstoð við uppsetningu vél- og hugbúnaðar
- Kennslu og þjálfun starfsmanna
- Vistun á gagnagrunni
- Öryggisafritun af gagnagrunni
- Flutning á gögnum inn í kerfið, t.d. starfsmannaskrá úr launakerfi
- Skilgreiningu á sérhæfðum skýrslum eða flutningi gagna yfir í önnur kerfi
- Framleiðslu á starfsmannakortum
- Tenging við önnur kerfi, t.d. að nýjir launamenn stofnist sjálfkrafa í kerfinu þegar þeir eru skráðir í launakerfið

Hugmót ehf hefur þróað hugbúnaðinn fyrir þessa lausn, en Leiðir ehf býður upp á vélbúnað sem hentar fyrir kerfið. Saman bjóða fyrirtækin þá þjónustu sem lýst er hér að ofan.

Hluti



2 Notkunarskilmálar

2.1 Höfundarréttur

Þetta forrit er varið samkvæmt höfundarréttarlögum. Ef þú hefur skráð notendaleyfi, máttu aðeins nota Cantina á jafnmörgum afgreiðslutölvum og þú hefur keypt leyfi fyrir. Bakvinnsluforritið má nota á fleiri en einni tölvu, t.d. hjá umsjónarmanni mötuneytis og hjá launafulltrúa.

Þér er heimilt að dreifa forritinu til annarra að vild, svo fremi að það sé innsetningarskráin í heild sinni (**Cantina_innsetning.exe**). Öll hnýsni í innviði forrísins (e. reverse engineering) eða afhending notendanafns og leyfisnúmers til annars aðila, er með öllu óheimil.

Notandi forrísins ber sjálfur ALLA ÁBYRGÐ á skemmdum eða gagnatapi sem kann að leiða af notkun forrísins. Með notkun forrísins er litið svo á að þú samþykkir ofangreinda skilmála. Hugmót ehf áskilur sér rétt til að leita til dómsstóla og krefjast skaðabóta, verði vart við alvarleg brot á þessum skilmálum.

© 2009-2010, Hugmót ehf - Allur réttur áskilinn.

2.2 Sýniseintök

Þú getur sótt sýniseintak af kerfinu og sett upp á tölvunni þinni til að kynnast kerfinu nánar. Sýniseintök hafa aðeins þá takmörkun að geta framkvæmt mest 10 afgreiðslur í einu. Þú getur samt prófað allar aðgerðir kerfisins, t.d. sölu, skýrslugerð, færsluúttak o.fl. Hjálpartexti og samsvarandi notendahandbók sem hentar fyrir útprentun, fylgir með.

Náðu í þitt eintak á slóðinni: www.hugmot.is/cantina

2.3 Notendaleyfi pantað og skráð inn

Skráð eintak af forritinu er án allra takmarkana, svo þú getir notað það í daglegum rekstri mötuneytisins. Notendaleyfi fæst gegn hóflegu gjaldi, og innifelur uppfærslurétt í 1 ár. Nánari upplýsingar og verðlista finnur þú á www.hugmot.is/cantina

Þegar þú hefur pantað leyfi, sendum við þér leyfisnúmer ásamt leiðbeiningum um hvernig það er sett inn. Ekki þarf að setja forritið inn aftur, aðeins bæta fyrirtækisheiti og leyfisnúmeri í stillingaskrár.

Í boði er uppfærsluréttur fyrir eitt ár í senn, á 20% af söluverði á hverjum tíma. Innifalið eru allar nýjar útgáfur af kerfinu á tímabilinu. Þegar uppfærsluréttur rennur út, mun forritið virka áfram eins og venjulega, en þú þarft að greiða 50% uppfærsluverð ef þú uppfærir í nýjustu útgáfu einhvern tíma síðar.

Hluti



3 Uppsetning


3.1 Gagnagrunnur

Gagnagrunnurinn tengir saman hinar mismunandi einingar kerfisins, svo þær myndi eina heild. Algengast er að nota MySQL en annar gagnagrunnur gæti hentað þér betur, sérstaklega ef hann hefur þegar verið uppsettur á netkerfi fyrirtækisins. Eftirtaldir gagnagrunnar hafa verið prófaðir og virka ágætlega fyrir kerfið: MySQL, MS-SQL og DB2 á iSeries (AS/400).

Uppsetning gagnagrunnsins sjálfs er mjög breytileg eftir hvaða gagnagrunnur var valinn, og vísun við á leiðbeiningar frá framleiðanda hans. Fyrir MySQL er það tiltölulega lítið mál, sem tekur um 15-30 mínútur að framkvæma.

Afgreiðslutölvan og aðrar tölur sem notaðar verða fyrir Cantina söluskjár og umsýslutölva, þurfa svonefnda ODBC-rekla til að ná tengingu við gagnagrunninn. Flestir framleiðendur gagnagrunna bjóða upp á slíka rekla og er yfirleitt lítið mál að setja þá inn. Sumir koma jafnvel uppsettir með Windows stýrikerfinu.

Til að tengjast gagnagrunninum, þarf að skilgreina ODBC-tengingu við hann og vísa á hana í **uppsetningarskrám kerfisins**. Í Windows XP og ýmsum öðrum útgáfum af Windows, er það gert gegnum: Control Panel - Administrative Tools - Data sources (ODBC). Þar skaltu velja System DSN flípann og smella á Add-takkann. Hér sérðu hvernig þetta er gert fyrir MySQL-tenginguna:



Tilgreina þarf IP-tölu eða heiti gagnagrunnsþjónsins, auk notendanafns og leyniorðs sem skilgreint var

Þegar gagnagrunnurinn var búinn til. Gott er að ýta á Test-takkann til að sannprófa að tengingin virki. Að lokum skaltu smella á OK. Vísa þarf á þessa skilgreiningu (með heitinu Cantina í þessu tilviki) í INI-skrám fyrir hvert forrit.

3.2 Afgreiðslutæki



Þetta er dæmigert afgreiðslutæki fyrir Cantina-sölukerfið. Það samanstendur af smátölvu með snertiskjá, minniskorti sem gegnir hlutverki harða disksins, Windows XPe (Embedded) stýrikerfinu, kortalesara fyrir auðkenningu og veggfestingu. Tölvan þolir mikið álag og býður upp á 640x480 díla upplausn á skjánum, sem er 5,7 tommur (14,5 cm) mælt horn í horn.

Eins og áður hefur verið nefnt, má líka nýta fartölvu eða aðra gamla tölvu sem afgreiðslutæki, því kröfur til vélbúnaðar eru litlar. Snertiskjáriinn á þó mikinn þátt í vinsældum kerfisins meðal notenda og mælum við því eindregið með honum.

3.2.1 Festingar

Þegar afgreiðslutækið er sett upp, er mikilvægt að huga vel að staðsetningu og hæð búnaðarins. Viðskiptavinir þurfa að sjá vel á skjáinn og fyrir auðveldan innslátt þarf tækið að vera í um 110-120 cm hæð frá gólfi. Ef meðalhæð viðskiptavina er óvenju há eða lág, gæti þurft að hækka/lækka skjáinn sem því nemur.

Veggfestingin sem Leiðir bjóða upp á, er fest með 4 skrúfum og spennu. Gera þarf ráð fyrir

rafmagnstengli og nettengli nálægt tækinu. Oft þarf að bora gat í vegg eða leggja nettan leiðslustokk að tækinu.

3.2.2 Nettenging

Afgreiðslutækið þarf að tengjast netkerfi fyrirtækisins, vegna vistunar gagna í miðlægum gagnagrunni. Einfaldast er að nota hefðbundnar Ethernet-netlagnir (e. twisted pair). Í sumum tilvikum getur verið hentugra að nota þráðlausa nettengingu, ef slíkt er í boði innan fyrirtækisins.

Einfaldast er að nota DHCP til að fá úthlutaða net-addressu, gátt og annað sem til þarf fyrir TCP/IP samskipti. Annars þarf að tilgreina fasta IP-tölu, netmaska, gátt og nafnaþjóna í netskilgreiningum fyrir afgreiðslutækið. Það er gert gegnum Control Panel - Network Connections - Local Area Connection - Hægri-smella og velja Properties - Tvísmella á Internet protocol (TCP/IP) neðst á listanum - og tilgreina það sem til þarf.

Til að sýsla með afgreiðsluskjáinn, er þægilegt að nota fjarstýringarforrit eins og RealVNC eða TightVNC. Þar sem snertiskjáriinn er ekki með lyklaborði, hentar þessi leið vel, því hægt er að nota bæði lykilborðið og músina þegar tækinu er fjarstýrt. Annars er skjá-lykilborð í boði á snertiskjástölvunni og hægt að nota það fyrir einfalda umsýslu.

3.2.3 Kortalesarar

Þegar kerfið er sett upp, þarf að ákveða hvernig notendur munu auðkenna sig. Algengast er að nota svokölluð nándarkort (e. proximity-cards) og viðeigandi lesara. Mörg fyrirtæki hafa nú þegar komið sér upp slíkum starfsmannakortum fyrir aðgangsstýringar, hurðaopnanir og stimpilkluður.

Nefna má aðrar lausnir sem hægt er að nota fyrir auðkenningu:

- Segulrandarkort og lesara
- Strikamerki og lesara
- Lyklakypu-auðkenni (dælulykla) eða Mifare nándarkort og lesara
- Örgjörvakort og lesara
- Innslátt á starfsmannanúmeri og leyniorði gegnum snertiskjáinn sjálfan
- Innslátt með númerísku lyklaborði

Stilla þarf upp viðeigandi reklum og hugbúnaði fyrir hverja tegund lesara sem tengjast afgreiðslutölvunni og sannprófa að allt virki sem vera ber. Að lokum þarf að skrásetja númer kortanna í viðskiptamannaskrána, til að tengja númer korts eða auðkennislykils við tiltekinn starfsmann.

3.2.4 Cantina stillt

Afgreiðsluforritið Cantina.exe býður upp á ýmsar stillingar og valkosti, sem hafa áhrif á útlit og virkni forritsins.

Margir valkostir eru aðgengilegri gegnum valmyndina í forritinu, þar á meðal:

- Leturgerð, stærð og lit
- Stilla bakgrunnlit
- Spila hljóð af/á
- Sýna innsláttartakka

- Leyfa val á tungumáli
- ... og margt fleira


Stillingarnar eru vistaðar í Cantina.INI skránni og má líka breyta þeim með textaritli eins og Notepad. Dæmi um stillingar sem breyta má með því að krukka í þessa skrá er:

- Táknmyndir (e. icon)
- Tungumál sem í boði eru
- Tilgreina einkenni tækisins (e. Terminal ID)
- Skilgreining fyrir gagnagrunnstengingu
- Hámarksbiðtími vegna ákvarðana og staðfestinga
- Upphæðaviðmið vegna birtingar á innistæðu ef inneignakerfið er notað

3.3 Bakvinnsla

Bakvinnslu-forritið (**Cantina_BE.exe**) er aðalforritið fyrir skráningu á forsendum fyrir kerfið, s.s. viðskiptavinum, vöruframboði og greiðslumátum. Einnig er boðið upp á skýrslugerð og að búa til textaskrár sem lesa má inn í önnur kerfi, t.d. boðgreiðslur og bókhaldsfærslur.


Forritið fylgir helstu Windows hefðum varðandi útlit og virkni, og því auðvelt fyrir umsjónarmenn kerfisins að læra á það. Hér sérðu hvernig viðhald á vörum í boði lítur út:



3.4 Söluskjár

Söluskjáriinn (**Cantina_SD.exe**) er sjálfstætt forrit, sem les upplýsingar um síðustu sölur reglulega úr gagnagrunninum og birtir á skjánum. Nýjustu afgreiðslurnar birtast efst, svo afgreiðslufólk geti ýmist afgreitt samkvæmt þeim eða bara fylgst með að fólk vörur í samræmi við þöntun. Uppsetning og notkun á þessu forriti er valfrjálst en margir kjósa að stilla því upp til að tryggja eðlilegt eftirlit og koma í veg fyrir misnotkun.

Hér sérðu dæmi um hvernig söluskjáriinn getur litið út. Hann sýnir allar sölur dagsins í dag, en fjöldi færslna sem birtist fer eftir skjástærð og leturstærð.



The screenshot shows a window titled "Cantina söluskjár" with a menu bar containing "Skrá", "Valkostir", and "Hjálp". The main content is a table with the following data:

Klukkan	Starfsmaður	Val	Upphæð
18:22:40	Paulo	Matur	450 kr
18:22:12	Stína	Salat	300 kr
18:21:41	Rúben	Matur	450 kr
18:19:16	UT gestur	Matur	450 kr
18:18:28	Magnús Þór	Skyr	150 kr
18:16:56	Svava	Matur	450 kr

Þetta forrit er líka notað til að senda boð út á sérstakan söluskjá, sem hægt er að fá aukalega. Hann sýnir síðustu 4 afgreiðslur á LCD-skjá áþekktum þeim sem oft er að finna á búðarkössum.

Stilla má liti, leturgerð, leturstærð, frískunartíðni o.fl.

3.5 Prófun á virkni

Eftir að kerfið hefur verið sett upp, er mikilvægt að sannreyna að allt virki eins og til er ætlast. Best er að byrja á umsýsluforritinu og skrá inn vöruframboð, greiðslumáta og nokkra viðskiptavini. Með því kemur glögglega í ljós hvort gagnagrunnurinn virki.

Næst er að prófa afgreiðslutækið með því að framkvæma afgreiðslu, bæði handvirkt og með auðkenningarkorti. Að því loknu er mikilvægt að staðfesta að úttektirnar hafi verið vistaðar í gagnagrunninum, með því að nota umsýsluforritið og/eða söluskjáinn.

Eftir prufukeyrsluna er æskilegt að tæma söluskrána, áður en sala hefst í raun og veru með Cantina-kerfinu. Það má gera gegnum SQL-umsýsluforrit fyrir gagnagrunninn með þessari skipun:

```
Delete from Sales
```

3.6 Stillingar í INI-skrám

Cantina-sölukerfið notar einfaldar textaskrár (INI-skrár) til að vista helstu stillingar fyrir forrit í kerfinu. Þetta er gert m.a. til að auðvelda vinnslu á öðrum stýrikerfum s.s. Linux. Breyta má stillingum í þessum skráum með texta-ritlum eins og NotePad. Ein undantekning er þó á þessari reglu: Stillingar hvers notenda í Cantina_BE eru geymdar í Windows Registry-inu.

Skrámar sem um ræðir, eru:

Stillingaskrá

Cantina.ini
Cantina_IS.ini
Cantina_EN.ini
Cantina_ES.ini
Cantina_FR.ini
Cantina_PT.ini
Cantina_SE.ini
CantinaUI_EN.ini
CantinaUI_IS.ini

Cantina_BE.ini
Cantina_SD.ini

Innihald

Stillingar fyrir afgreiðsluforritið
Íslenskt viðmót fyrir afgreiðsluforritið
Enskt viðmót
Spænskt viðmót
Franskt viðmót
Portúgalskt viðmót
Sænskt viðmót
Enskt viðmót fyrir umsýslu í afgreiðsluforritinu
Íslenskt viðmót fyrir umsýslu í
afgreiðsluforritinu
Stillingar fyrir umsýsluforritið
Stillingar fyrir söluskjáinn

Þessi síða er viljandi höfð auð

Hluti



4 Skráning forsendna

Umsýsluforritið er notað til að skrá inn og viðhalda forsendum kerfisins, sem eru:

- Viðskiptavinir
- Vörur í boði
- Erlend vöruheiti
- Greiðslumátar
- Skrá innborganir (ef inneignakerfi er notað)
- Upplýsingar um fyrirtækið

4.1 Viðskiptavinir

Hér þarf að skrá alla fasta viðskiptavini mötuneytisins. Minnst þarf að tilgreina einkenni, viðskiptanúmer (kennitölu), nafn og greiðslumáta. Ef auðkenniskort eru notuð, þarftu að skrá eða lesa inn númer þeirra í viðkomandi svæði. Greiðslukortanúmer eða sýndarnúmer þarf að tengja við hvern viðskiptavin sem greiðir með boðgreiðslum.

Til að auðkenna viðskiptavininn við afgreiðslu, má nota eitt að þessum fjórum atriðum: Einkenni, viðskiptanúmer, númer auðkenniskorts og auknefni. Þau þurfa því að vera einkvæm og einkennandi fyrir viðskiptavininn. Ef til dæmis fleiri en einn viðskiptavinur hafa sama starfsmannanúmer, getur kerfið ekki greint á milli og koma því skilaboð um að viðskiptavinur finnist ekki á skrá.


Hægt er að tilgreina tungumálskóða fyrir hvern viðskiptavin og er þá skipt um viðmót meðan hann afgreiðir sig. Ef enginn tungumálskódi er skráður, birtist viðmótið á íslensku. Hér sérðu hvernig skráningin lítur út miðað við minnstu skjástærð. Að sjálfsögðu er hægt að nýta til fulls skjái með meiri upplausn, til að sjá fleiri svæði samtímis.

Einkenni	Kennitala	Auðkenniskort	Nafn	Stutt nafn	Kortnúmer
250	1507572239	2F1796	Ingólfur Helgi Tryggvason		
123	2803572869	1234	Sigríður Birna Gunnarsdóttir		9910018
▶ 1959	1602593299	01A25800B0	Magnús Þór Karlsson		
1981	2001811239		Hrönn Ingólfsdóttir	Hrönn	5401710
1957	2010571239		Alexander Hervé Depuydt	Hervé	
1954	1108544479	1474510724	Gunnar Leó Gíslason	Gunni	
01111	5906891239	1011	Gestur UT-sviðs	UT gestur	
1010	2309834029	01A25803D0	Hallbjörn Magnússon	Halli	5411419
1940	2907403719		Svava Björnsdóttir		
1980	2607802479		Paulo Alexandre Tavares De Deus	Paulo	
1987	2502874459		Tristan Barnes		
Hreinn	1312451239		Hreinn Sveinn Hermannsson		
Lotta	1508773459		Karlotta Finnsdóttir		

4.2 Vörur í boði

Hér birtist tafla með vörum sem í boði eru hverju sinni. Skrá þarf minnst vörunúmer, vöruheiti og verð. Virkja/afvirkja má hverja færslu og stýra uppröðun valkosta á afgreiðslutæki.

Fyrir flest mótuneyti dugir að skilgreina 3-4 valkosti, til dæmis: Heitan mat, salatbar og skyr.




Ef ætlunin er að fá mjög nákvæma sundurliðun á sölu, má vera með eins mörg vörunúmer og þurfa þykir, og virkja/afvirkja þau daglega. Dæmi:

- Soðin ýsa
- Fiskréttur
- Bjúgu
- Pylsur
- Kjúklingasúpa
- Mexíkanskt taco
- Lasagna
- Kjötsúpa
- Svínasteik
- Lambasteik
- og svo mætti lengi telja ...

Á endanum geta sölutölur fyrir vörunúmer sem eru aðgreind með þessum hætti, auðveldað mælingu á vinsældum einstakra rétta og skipulagningu innkaupa. Auk þess er auðveldara að vera með verðlagningu í takt við tilkostnað fyrir hvern rétt.

4.3 Erlend vöruheiti


Erlend vöruheiti er tafla yfir vöruheiti fyrir hvern tungumálakóða. Ef boðið er upp á nýja vöru, þarf að þýða heiti hennar á þau viðmótstungumál sem notuð eru í kerfinu og skrá þau í þessa töflu. Hér má sjá dæmi um hvernig fylla má í hana:



4.4 Greiðslumátar

Skilgreina þarf þá greiðslumáta sem ætlunin er að bjóða upp á, t.d. boðgreiðslur og launafrádrátt. Í framhaldi þarf að tilgreina greiðslumáta fyrir hvern viðskiptavin. Þessar upplýsingar eru svo notaðar við úrvinnslu, þ.e. til að velja úttektir fyrir bókun sölu í launakerfi eða fyrir sendingu boðgreiðslna.

Þú ræður sjálfur hvaða kóðar eru notaðir, nema fyrir fyrirframgreiðslur (FF eða PP). Í flestum tilvikum eru aðeins notaðir 1-2 greiðslumátar í raun. Hér sérðu dæmi um hvernig stilla má þessu upp:



Kerfið gerir ráð fyrir skýru vali á greiðslumáta hvers viðskiptavinar, þ.e. að hann ákveður við skráningu hvernig hann hyggst greiða fyrir matinn. Ef skipta á greiðslumáta tiltekins viðskiptavinar frá boðgreiðslum yfir í fyrirframgreiðslu, þarf hann fyrst að gera upp ógreiddar úttektir sem skráðar voru á fyrri greiðslumáta.

4.5 Aðrar stillingar

Upplýsingar um fyrirtækið þarf að tilgreina, einkum söluaðilanúmer fyrir boðgreiðslur. Ýmsar aðrar stillingar á forritunum má framkvæma í gengum valmyndirnar og INI-skrámar.

Bakvinnsalur fyrir Cantina

Skrá Gagnatöflur Valkostir Hjálpi

Stillingar

Eyrirtækið

Gagnatöflur

Skýrslur

Stillingar

Upplýsingar um fyrirtækið

Heiti
Fyrirtæki ehf

Aðsetur
Laugavegi 100

Póstfang
101 Reykjavík

Netfang tengiliðs
jon@fyrirtaeki.is

Númer söluaðila

AmEx númer
9256684

MasterCard númer
9256684

VISA númer
9256684

Númer færsluhirðis
8006666

Þessi síða er viljandi höfð auð

Hluti



5 Dagleg notkun

5.1 Opna og loka fyrir sölu

Þegar kveikt er á afgreiðslutölvunni, er Cantina-afgreiðsluforritið ræst sjálfkrafa og kerfið er tilbúið til notkunar. Hægt er að loka söluskjánum með því að tvísmella á textann "Vinsamlega auðkenndu þig ..." og slá inn umsýslu-leyniorðið. Þá birtist textinn "Mötuneytið opnar aftur kl. 12:00" eða samsvarandi skilaboð sem segja notendum að ekki sé hægt að fá afgreiðslu þessa stundina.

Á sama hátt má opna fyrir sölu á ný með því að tvísmella á textann og tilgreina umsýslu-leyniorðið.

5.2 Úttekt skráð

Skráning úttekta er mjög auðveld og fljótleg. Notandi auðkennir sig t.d. með starfsmannakortinu, velur einn valkostinn, staðfestir úttektina og þar með er salan frágengin. Afgreiðslan tekur aðeins um 5-10 sekúndur á mann.

Ef notandinn gleymdi kortinu sínu, getur hann valið handvirkan innslátt. Þá auðkennir hann sig með starfsmannanúmeri eða kennitölu, og staðfestir það með innslætti leyriorðs ef það hefur verið skráð fyrir hann.

Hér sést dæmigert afgreiðsluferli:



Fyrsti skjárinn



PIN-Innsláttur til að auka öryggið



Valkostir í boði fyrir viðskiptavin



Staðfesting úttektar



Þakkir í lok afgreiðslu



Val á tungumáli

5.3 Vörur á boðstólum

Vörur í boði eru skilgreindar í umsýsluforritinu (Cantina_BE). Þar þarf að tilgreina vörunúmer, vöruheiti og verð. Afgreiðslutölvan getur birt allt að 5 takka, en ef fleiri valkostir eru í boði, birtast valkostimir á listaformi, sem er ekki eins auðvelt að velja úr.

Oft eru mun fleiri vörur skráðar í vöruskrána, en þær sem eru í boði hverju sinni. Því þarf að merkja við vörur sem eru "Virkar" hverju sinni og tilgreina einnig í hvaða röð valkostimir eiga að birtast þegar sala fer fram. Einnig þarf að skrá inn erlend vöruheiti fyrir þau tungumál sem notendur geta valið úr fyrir viðmótið.




5.4 Söluskjár

Söluskjáriinn gegnir því hlutverki að birta síðustu sölur, svo afgreiðslufólk geti fylgst með sölunni um leið og hún fer fram. Nýjustu úttektir birtast efst. Þetta tryggir samræmi milli þess sem skráð er í afgreiðslunni og þess sem viðskiptavinir fá sér að borða.

Forritið þarf að vera uppsett á sérstakri tölvu með nettengingu við gagnagrunnsþjóninn. Ef ætlunin er að nota aukaskjá (áþekkan þeim sem oft má sjá á kassakerfum verslana) má tengja hann við raðtengið á afgreiðslutölvunni. Forritið er þá keyrt á afgreiðslutölvunni og sér um að mata upplýsingar um síðustu 4 sölur á aukaskjáinn.

Hægt að stilla frískunartíðni, hámarksfjölda færslna, liti, letur o.fl.




The screenshot shows a window titled "Cantina söluskjár" with a menu bar containing "Skrá", "Valkostir", and "Hjálp". The main content is a table with the following columns: "Klukkan", "Starfsmaður", "Val", and "Upphæð". The table contains six rows of data.

Klukkan	Starfsmaður	Val	Upphæð
18:22:40	Paulo	Matur	450 kr
18:22:12	Stína	Salat	300 kr
18:21:41	Rúben	Matur	450 kr
18:19:16	UT gestur	Matur	450 kr
18:18:28	Magnús Þór	Skyr	150 kr
18:16:56	Svava	Matur	450 kr

5.5 Söluskýrslur

Ýmsar skýrslur eru í boði fyrir umsjónaraðila kerfisins og/eða rekstraraðila mótuneytisins. Þar má sjá bæði samtölur og sundurliðun á sölunni, raðað upp á ýmsan hátt. Skýrslur geta verið í stöðluðu formi sem hentar t.d. fyrir útprentun, eða í formi textafærslna sem lesnar eru inn í önnur kerfi.



Valforsendur:

- Tímabil: Dagsetning frá-til
- Greiðslumáti

Skýrslur í boði:

- Sundurliðun á sölu
- Samtölur eftir viðskiptavini, söluþegi, vörunúmeri o.fl.
- Færslur yfir í textaskrá
- Færslur yfir í bókhald
- Boðgreiðslur til Borgunar


Stöðluðu skýrslurnar bjóða upp á forskoðun á skjá, útprentun á prentara, vistun í PDF / HTML / Excel / Textskrá og að senda skýrsluna sem viðhengi í tölvupósti.

5.6 Innborganir

Ef þú notar Inneignakerfið, þarftu að skrá innborganir viðskiptavina inn í kerfið. Við það hækkar inneignarstaða þeirra strax, og hún lækkar svo smátt og smátt með hverri sölu.

Þú getur ýmist merkt viðskiptavininn í töflunni og hægrismellt og valið "Skrá innborgun ..." eða ræst

Cantina_PP forritið og skráð inn viðskiptanúmerið. Þá birtist þessi mynd á skjánum:



The screenshot shows a software window titled "Cantina - Fyrirframgreiðslur". The window has a menu bar with "Skrá", "Valkostir", and "Hjálp". Below the menu bar are three tabs: "Skrá innborgun" (selected), "Greiðslusaga", and "Inneignir viðskiptavina". The main content area is titled "Innborgun" and contains the following fields and buttons:

Viðskiptanúmer	Nafn	
1507572239	Ingólfur Helgi Tryggvason	
Dags. innborgunar	Upphæð	Aukaheimild
02.04.2010	5000	1000
Tilvísun		
Fskj. 1234		
Athugasemd		
Millifært í heimabanka		
Staðfesta		
Sjálfgildi		
Hætta		

Síðan bætir þú við dagsetningu, upphæð, aukaheimild, tilvísun og athugasemd, og staðfestir að lokum innborgunina. Ný staða viðskiptavinarins birtist þá á skjánum. Aukaheimild er sú upphæð sem viðskiptavinur má taka út í mínus, áður en lokað er fyrir frekari viðskipti.

Hluti



6 Uppgjör

6.1 Boðgreiðslur

Ef boðgreiðslur eru notaðar til að innheimta matarúttektimar, þarf að jafnaði að senda þær mánaðarlega inn til Borgunar. Úttektir t.d. frá 18. hvers mánaðar til 17. dags mánaðarins á eftir, eru þá dregnar saman og sendar sem boðgreiðslur. Úttektin birtist þá á greiðsluseðli korthafa ca. viku síðar, með eindaga í byrjun næsta mánaðar.

Til að senda boðgreiðslurnar er best að nota Seljandavefinn hjá Borgun, en aðrar sendingaraðferðir eru einnig í boði.

Dæmigerð þókun fyrir innheimtuna miðað við mánaðarlegt uppgjör, er 1,5% af heildarupphæð. Einnig er tekið færslugjald, 6 kr. fyrir kreditkort og 5 kr. fyrir debet-kort. Ef þú vilt nota fyrirframgreiðslur og taka greiðslukort, kostar leiga á IP-POSa rúmar 3.000 kr. á mánuði. Slíkur POSi notar nettengingu til að fá heimild og senda færslur. Afgreiðsla er mjög hraðvirk, en krefst þess að tenging við Internetið sé til staðar.

Borgun býður upp á uppgjör mánaðarlega, vikulega og jafnvel daglega. Ef uppgjör er oftast en einu sinni í mánuði, ber kaupmaður af því aukinn kostnað í forni hærri innheimtuþóknunar. Nánari upplýsingar um skilmálana veita sölumenn Borgunar.

Sýndarnúmer fyrir aukið öryggi

Til að uppfylla kröfur um kortaöryggi skv. svonefndum PCI-staðli, er hægt að umbreyta kreditkortanúmerum yfir í sýndarnúmer. Það má gera með því að velja viðskiptavin, hægri-smella og velja "Sækja sýndarnúmer ..." eða ýta á Ctrl-S. Þá er framkvæmt ákall á vefþjónustu hjá Borgun, sem skilar tilteknu sýndarnúmer fyrir þetta kort hjá þessum tiltekna söluaðila. Að lokum er viðskiptavinataflan uppfærð með sýndarnúmerinu.

Framvegis þegar boðgreiðslur eru sendar til Borgunar, er sýndarnúmerið notað til að vísa á kreditkortanúmerið sem skuldfæra skal fyrir úttektinni.

Þó svo sýndarnúmer lendi í höndum óprúttins aðila, hefur það ekkert vægi, því það gildir aðeins í samskiptum fyrir tiltekinn söluaðila, þ.e. mötuneytið sem sendir inn boðgreiðslurnar.

6.2 Bókhaldsfærslur

Ef það hentar ekki að innheimta úttektimar gegnum boðgreiðslur eða með fyrirframgreiðslu, er líklegt að bókhaldsfærslur verði notaðar til þess.

Þá eru búnar til færslur sem henta fyrir ýmis af algengustu bókhaldskerfum hér á landi. Úttektir starfsmanna eru þá færðar í launa- eða viðskiptabókhald fyrirtækisins, og dragast frá launum eða færast á viðskiptareikning starfsmanna.

6.3 Inneignakerfi

Ef ætlunin er að bjóða upp á fyrirframgreiðslu matarúttekta, þarf fyrst að virkja Inneignakerfið. Þar sem það er selt sem sjálfstæð eining í kerfinu, þarftu fyrst að ganga frá samningi þar að lútandi.

Einn meginkosturinn við inneignakerfið er "flotið" í kerfinu, þ.e. heildarinneign viðskiptavina hverju sinni. Það þýðir að rekstraraðili mótuneytisins fær strax peninga í kassann til að standa undir rekstrinum. Annar kostur eru leifar innistæðna, þegar viðskiptavinur hættir í viðskiptum og hirðir ekki um eftirstöðvar.

Inneignakerfið virkar þannig að viðskiptavinur greiðir ákveðna upphæð t.d. með greiðslukorti eða millifærslu, og eignast við það inneign í kerfinu. Þegar hann kaupir mat, lækkar inneignin jafnt og þétt uns hún er uppurin. Þá þarf hann að kaupa sér aftur áfyllingu til að hækka inneignina, eða semja um meiri aukaheimild.

Hægt er að bjóða viðskiptavini upp á aukaheimild, sem gerir honum fært að kaupa t.d. eina eða tvær máltíðir, áður en lokað er fyrir viðskiptin. Þetta hentar sérstaklega vel í skólamótuneytum og þar sem mikil hreyfing er á mannskap.

Þegar inneign er komin niður fyrir skilgreind viðmiðunarmörk, t.d. 1.000 krónur, birtist upphæðin sem eftir er á þakkarskjánum í lok hvernar afgreiðslu, til að minna viðskiptavininn á að fara að kaupa sér áfyllingu.

Hægt er senda staðfestingu á greiðslu og núgildandi stöðu í tölvupósti eða SMS, ef netfang og/eða símanúmer hefur verið skráð fyrir viðskiptavininn.

Inneignimar eru varðar með dulritun, svo jafnvel þótt einhver óprúttinn komist í gagnagrunninn, getur hann ekki hækkað inneign sína. Ef fíktað er í þessum tölum, verður inneignin ógild og lokast strax fyrir viðskiptin.

Þessi síða er viljandi höfð auð

Hluti



7 Tæknimál

7.1 Töflur í gagnagrunni

Þegar kerfið er sett upp, eru þessar töflur stofnaðar í gagnagrunninum. Þú getur skoðað uppstillingu þeirra nánar með umsýsluforriti gagnagrunnsins:

Customers	Viðskiptavinir
Products	Vöruskrá
Descriptions	Erlend vöruheiti
Paymodes	Greiðslumátar
Payments	Innborganir vegna fyrirframgreiðslu
Prepaid	Inneignir viðskiptavina
Sales	Sala

Æskilegt er að virkja stillingar sem tryggja heilindi gagna og innra samræmi (e. referential integrity) í gagnagrunninum, m.a. til að koma í veg fyrir að upplýsingar um viðskiptavin séu felldar niður, eftir að sala hefur átt sér stað.

7.2 Tól og forritaeiningar

Cantina sölukerfið er forritað í þróunarumhverfinu Delphi frá Borland. Ýmsar forritaeiningar og hjálpartól hafa auk þess verið nýtt við gerð forritsins og má þar nefna rútínu-söfn frá TurboPower, JAM-software, TMS, innsetningarforritið Inno Setup, og forritin Help&Manual og TNT Screen Capture frá EC-software.

Til vefsmíða notum við TopStyle Pro, MySQL, PHP og MicroGrafx Picture Publisher.

Við getum ekki annað en mælt með þessum tólum!

7.3 Aðlögun að öðru tungumáli

Ef þú vilt bæta við öðru tungumáli fyrir viðmótið, er það tiltölulega lítið mál. Þýða þarf um 50 frasa í textaskrá og ef ætlunin er að leyfa notanda að velja þetta tungumál handvirkt, þarf að útbúa táknmynd/fána fyrir tungumálið.

Þetta þarftu að gera (þar sem XX eru einkennisstafir tungumálsins):

- Afrita t.d. Cantina_EN.ini í Cantina_XX.ini
- Þýða strengina í Cantina_XX.ini
- Afrita Cantina_XX.ini skrána yfir á afgreiðslutölvuna: C:\Program files\Cantina
- Merkja XX í tungumálskóða tiltekens starfsmanns
- Ræsa upp afgreiðsluforritið á ný og sannprófa með korti eða einkenni starfsmannsins

Ef ætlunin er að leyfa val á tungumálinu handvirkt (sem 4 máli í þessu dæmi) þarftu líka að:

- Finna eða búa til táknmynd fyrir tungumálið (60 x 60 dílar)
- Uppfæra skrána Cantina.ini á afgreiðslutölvunni:
 - Stilla upp táknmynd (Language4_icon)
 - Heiti tungumáls (B_lang4.Caption)
 - Tilgreina kóða tungumálsins (Language4.Text)

- Ræsa upp afgreiðsluforritið og sannprófa með því að velja tungumál handvirk

7.4 Atburðaskráning

Til að auðvelda greiningu á vandamálum sem upp kunna að koma í kerfinu er hægt að virkja atburðaskráningu (e. logging) tímabundið. Í afgreiðsluforritinu er það gert gegnum valmyndina: Stillingar - Skrá framvindu

Þá eru búnar til færslur í log-skrár, sem eru einfaldar textaskrár. Með því að skoða skrámar, má sjá í smáatriðum hvað hefur farið fram í forritunum.

7.5 Sérstakar þakkir

Eftirtaldir aðilar fá sérstakar þakkir fyrir aðstoð við þróun Cantina-kerfisins:

- Alexander Hervé Depuydt fyrir þýðingu notendaviðmóts á frönsku
- Antonia Cazandra Levén fyrir þýðingu notendaviðmóts á sænsku
- Dána Míkaldóttir fyrir þýðingu notendaviðmóts á spænsku
- Hrönn Ingólfadóttir fyrir þýðingu notendaviðmóts á portúgölsku
- Paulo De Deus fyrir endurbætur á portúgölsku viðmóti

Eftirtaldir aðilar fá þakkir fyrir ýmsar ábendingar um atriði sem betur máttu fara:

- Gunnar Leó Gíslason, sölufulltrúi Hugmóts
- Jón Egilsson, framkvæmdastjóri hjá Borgun
- Hallbjörn Magnússon hjá Leiðum
- Magnús Þór Karlsson hjá Leiðum
- Margrét Kjartansdóttir, mótuneytisstjóri hjá Borgun
- Rúben Sigurbjörnsson, sölufulltrúi Hugmóts

Þessi síða er viljandi höfð auð

Hluti



8 Aðstoð í boði

8.1 Þjónustuvefur

Á vefnum okkar, www.hugmot.is/cantina er að finna upplýsingar um kerfið, verðlista og hvernig leysa má algeng vandamál sem upp kunna að koma.

Þar getur þú líka sent okkur formlega fyrirspurn, eða sent okkur tölvupóst á sales@hugmot.is.

Söluaðilar okkar veita líka nánari upplýsingar, kennslu og aðstoð. Nánari upplýsingar, símanúmer og netföng, finnur þú á vefnum.

Atriðisorðaskrá

- A -

aðferðir við auðkenningu	16
aðgangskort	16
aðrar stillingar	26
aðstoð	10
aðstoð við gerð kerfisins	43
afgreiðsla	30
afgreiðsla stöðvuð	30
afgreiðsluforrit stillt	16
afgreiðslutæki	15
afgreiðslutölva	8
American Express	26
AmEx	26
AS/400	14
atburðaskráning	43
auðkenning	9, 16, 30
auðkenning viðskiptavina	22
aukaheimild	35, 39
aukin sala	8
auknefni	22

- B -

bakvinnsla	17
birting valkosta	32
BlueTooth tenging	16
boðgreiðslur	25, 26, 34, 38
Borgun	38
bókhaldsfærslur	34, 38
breytileg verðlagning	23

- C -

Cantina stillt	16
Cantina.exe	9
Cantina.ini	16
Cantina_BE.exe	9
Cantina_SD.exe	9, 18
CSV-skrár	34

- D -

dagleg afgreiðsla	30
daglegt uppgjör	38
DB2	14
DHCP	16
dælyllyklar	16

- E -

eftirlit með afgreiðslu	33
eftirstöðvar	39
einingar kerfisins	9
erlend vöruheiti	24
Excel-skýrslur	34

- F -

festingar	15
fjarstýring afgreiðslutölva	16
flot	39
forrit í kerfinu	9
forritaeiningar	42
forritið stillt	16
forritið þýtt á önnur tungumál	42
forsendur	17
forsendur fyrir söluskýrslur	34
forskoða útprentun	34
framleiðsla starfsmannakorta	10
frískunartíðni	33
fylgst með afgreiðslu	18
fylgst með sölu	33
fyrirframgreiðsla	8, 25, 39
fyrsta skjámynd	30
færslugjöld	38
færslur fyrir bókhald	34
færslur fyrir Excel	34
færslur í bókhald	38

- G -

gagnagrunnstöflur	42
gagnagrunnur	14
greiðslumátar	25
gögn flutt inn í önnur kerfi	34

- H -

hakkarar 39
hakk-vörn 39
Help and Manual 42
HID-kort 16
hraðvirk afgreiðsla 8
HTML-skýrslur 34
hvernig þýði ég viðmót forritsins? 42
hæð frá gólfi 15
höfundarréttur 12

- I -

INI-skrár 19
innborganir 35
inneign viðskiptavinar 35, 39
inneignakerfi 39
inneignir 35, 39
inneignir verndaðar 39
innheimtuþóknun 38
innlestur gagna 10
InnoSetup 42
innsláttur leyriorðs 30
innsláttur starfsmannanúmers 16
IP-POSar 38
iSeries 14

- J -

JAM-software 42

- K -

kennsla 10
kerfiseiningar 9
kerfisstillingar 19
komið í veg fyrir svindl 33
kortalesari 9, 16
kortaöryggi 38
kostir kerfisins 8
kostnaður vegna boðgreiðslna 38
kröfur til búnaðar 9
kynning á kerfinu 8

- L -

launabókhald 25
leifar inneigna 39
leiga á POSa 38
leyniorð slegið inn 30
logg-skrár 43
loka fyrir sölu 30
lykilborð 16

- M -

MasterCard 26
mánaðarlegt uppgjör 38
Mifare 16
MS-SQL 14
mynd af afgreiðslutölvunni 8
MySQL 14, 42
mæla vinsældir rétta 23

- N -

nándarkort 16
nemendur 22
netskilgreining 16
nettenging 16
notendahandbók 12
notendaleyfi 12
notkunarskilmálar 12
númer auðkenniskorts 22
númer færsluhirðis 26
númer söluaðila 26
nýskráning viðskiptavinar 22

- O -

ODBC-reklar 14
ODBC-tenging 14
opna fyrir sölu 30

- P -

PCI-staðall 38
PDF-skýrslur 34
Picture Publisher 42

PIN slegið inn 30
POSa-leiga 38
prentun úr kerfinu 34
prófa kerfið 12
prófun á virkni 18
prófun eftir uppsetningu 18
pöntun staðfest 30

- R -

radió-net 16
RealVNC 16

- S -

sala alls 34
sala í mötuneyti 33
sala í tímaröð 34
sala pr. viðskiptavin 34
sala pr. vörutegund 34
samtölur 34
segulrandarkort 16
segulrandarlesari 16
senda skýrslu í tölvupósti 34
senda skýrslur 34
sérstakar þakkir 43
sérstakur söluskjár 18
síðustu úttektir 33
skilmálar 12
skjá-lykilborð 16
skrá forsendur 17
skrá innborgun 35
skráning forsendna 22
skráning kortanúmera 16
skráning úttekta 30
skráning viðskiptavinar 22
snertiskjár 8
snertiskjáriinn 15
staða viðskiptavinar 35, 39
staðfesting pöntunar 30
staðlaðar skýrslur 34
starfsmannakort 16
starfsmenn 22
stillingar í afgreiðslu 16
stillingar í INI-skrám 19
stillingar kerfisins 19
stimpilklukkur 16

stýrikerfi 9
stöðluð skýrsla 34
sundurliðun sölu 34
svindl 33, 39
sýndarnúmer 38
sýniseintök 12
sýslað með afgreiðslutölvu 16
söluaðilanúmer 26
söluskjár 18, 33
söluskýrslur 34
sölutímabil 34

- T -

takkar fyrir val á vöru 32
TCP/IP uppsetning 16
tenging við önnur kerfi 10
tímabil sölu 34
TNT Screen Capture 42
TopStyle Pro 42
töl og forritaeiningar 42
tungumál valið 30
tungumál viðmóts 8
tungumál viðskiptavinar 22
tungumálaskódi 24
TurboPower 42
tæma söluskrá 18
töflur í gagnagrunni 42
tölvupóstur 34

- U -

umsýsla afgreiðslutölvu 16
uppfærslur 12
uppfærsluréttur 12
uppgjörstímabil 38
upphafsskjár 30
upplýsingar um fyrirtækið 26
uppröðun valkosta 23
uppsetning 10
uppsetning gagnagrunns 14

- Ú -

útprintun 34
úttaksskrár 34
úttekt skráð 30

úttektir innheimtar gegnum bókhald 38

- V -

val á tungumáli 30
valforsendur 34
valkostir 23
valkostir í boði fyrir viðskiptavin 32
valkostir viðskiptavinar 30
val-takkar 32
verð 23
verndun inneigna 39
viðhaldssamningur 12
viðmót viðskiptavinar 22
viðmótstungumál 8
viðmótstungumál í boði 30
viðmótsþýðingar 19, 42
viðskiptamannabókhald 25
viðskiptavinir 22
viðskiptavinur skráður 22
vikulegt uppgjör 38
vinnuspamaður 8
virkja vörur 23
virkni kerfisins prófuð 18
VISA 26
vistun á gagnagrunni 10
VNC 16
vöruframboð 23
vörur á boðstólum 32
vörur í boði 23

- W -

WiFi tenging 16

- Y -

yfirdráttarheimild 35

- Þ -

þakkarskjár 30
þakkir 43
þjónusta í boði 10, 46
þjónustuvefur 46
þóknun Borgunar 38
þýðing á viðmóti 42

þýðing viðmóts 19, 24

- Ö -

örgjörvakort 16
örgjörvakortalesari 16
öryggi í kortaviðskiptum 38
öryggisafritun 10